

Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2018

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga – 622. mál

BHM fagnar því að auknar kröfur verði gerðar til meðferðar og vinnslu persónuupplýsinga og að persónuvernd verði þannig eflað eins og frumvarpið felur í sér. Verður þannig fest í sessi sú meginregla að persónuupplýsingar eru á forræði viðkomandi einstaklinga. Framlagning frumvarpsins er því skref í rétta átt.

Hjá því verður þó ekki komist að gera athugasemd við þann skamma tímafrest sem stjórnvöld gefa sér til innleiðingar á jafn umfangsmiklu regluverki. Hluti af þeirri tímaþröng sem stjórnvöld hafa skapað lýsir sér í því að tímafrestur til umsagnar um frumvarpið er rúm vika og málsmeðferðartími Alþingis verður líklega á bilinu 2-3 vikur. Að mati BHM eru þessi vinnubrögð ekki til eftirbreytni og auka líkurnar á mistökum við lagasetninguna. Hefur sem dæmi verið bent á að í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er vísað í 1. mgr. 10. gr. að því er virðist fyrir mistök en ætti líklega að vísa í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Ómögulegt er um það að segja hvort þetta sé einsdæmi því skammur frestur gefur ekki tíma til þess að fara ítarlega yfir frumvarpið.

Umtalsverðar kröfur eru gerðar í frumvarpinu til fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka. Þær kalla á mikla vinnu og leiða til nokkurra útgjalda fyrir þessa aðila bæði samhliða innleiðingu og í framtíðinni.

BHM styður tilgang frumvarpsins en telur að rétt sé að vanda betur til verka og veita þinginu og hagsmunaaðilum frekara svigrúm við innleiðingu þess.

Virðingarfyllst,



formaður BHM